

4. gr.

93

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga.

11. júní

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

FJÁRAUKALÖG

94

fyrir árið 1937.

11. júní

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum 1937, eru veittar samkv. 2.—5. gr. hér á eftir kr. 56844.54.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. A. er veitt:
Hluti rikissjóðs af kostnaði við lögreglu í Reykjavík kr. 46287.00

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. B. er veitt:
Rekstrarkostnaður húsmæðraskóla á Laugalandi — 4700.00

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:
Til samnings sænsk-íslenzkrar orðabókar (endurveiting) — 1250.00

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:
Kostnaður við athuganir vegna stofnunar sementsverksmiðju — 4607.54

Samtals kr. 56844.54

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.